

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Fljótshérað, nr. 590/2009.

#### 1. gr.

Við 9. gr. lögreglusamþykktarinnar bætist ný fimmta málsgrein og orðast málsgreinin svo:

Ofangreint á einnig almennt við um gistingu á almannafæri innan marka sveitarfélagsins. Óheimilt er að hafa gistingu í tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði utan skipulagðra tjaldsvæða og þéttbýlis nema leyfi landeiganda lands komi þar til, sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013 með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Breyting á samþykkt þessari, sem bæjarstjórn Fljótshéraðs, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 2017.*

**Sigríður Á. Andersen.**

\_\_\_\_\_  
*Haukur Guðmundsson.*